



Reglur um íþróttastyrk Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær hefur ákveðið að veita fastráðnu starfsfólki sínu, eða starfsfólki með tímabundna ráðningu í að minnsta kosti eitt ár, allt að 15.000 kr. í árlegan íþróttastyrk.

Markmiðið með styrknum er að stuðla að því að starfsmenn stundi hreyfingu að staðaldri sem bætir líkamlegt ástand þeirra og stuðlar að betri heilsu og meiri starfsánægju.

Reglur:

1. Styrkurinn er veittur til fastráðinna starfsmanna, eða starfsmanna með tímabundna ráðningu í að minnsta kosti eitt ár.
2. Styrkupphæðin er allt að 15.000 kr. á ári.
3. Árgjöld sem veita rétt til iðkunar líkamsræktar og íþróttar eru styrkhæf ásamt þátttöku í styttri námskeiðum. Hér er átt við greiðslu á aðgangi að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum og skíðasvæðum, greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasali og félagsgjöldum í klúbba sem og þátttökugjöld vegna annarrar hreyfingar sem stunduð er með reglubundnum hætti.
4. Umsókn fer fram í gegnum [þjónustugátt](#) undir „Umsóknir – Starfsfólk Ísafjarðarbæjar“. Með umsókn skal fylgja kvittun/reikningur vegna greiðslu þátttökugjalda þar sem fram kemur hvers konar íþróttaiðkun verið sé að greiða fyrir. Launadeild hefur umsjón með umsóknum og úrskurðar um styrkveitingu í samráði við mannauðsstjóra.
5. Afgreiddar styrkumsóknir eru greiddar út samhliða launum. Skila þarf inn umsóknum í síðasta lagi 20. næsta mánaðar á undan (t.d. til að fá greitt í byrjun maí þarf umsókn að hafa borist fyrir 20. apríl).

ATH: Umsóknir verða að berast fyrir 15. desember ár hvert svo styrkur teljist nýttur fyrir það ár. Ekkí er tekið við umsóknum fyrir viðkomandi ár ef umsóknir berast eftir þá dagsetningu.

Nánari upplýsingar veitir Baldur Ingi Jónasson, mannauðsstjóri í gegnum tölvupóst baldurjo@isafjordur.is eða í síma 450-8032.